

VEIÐIMÁLASTOFNUN

Sigurður Már Einarsson

ATHUGUN Á HJALTADALSÁ

Reykjavík
1982

VEIÐIMÁLASTOFNUN
EINTAK BÓKASAFNS

Veiðimálastofnunin
Sigurður Már Einarsson
Október 1982.

Athugun á Hjaltadalsá

I. INNGANGUR.

Hjaltadalsá er dragá um 33 km að lengd og er vatnasvið árinnar 305 km^2 (Rist 1969). Á vegum Veiðimálastofnunar var farin rannsóknarferð í Hjaltadalsá þann 20. júlí 1982. Helstu markmið ferðarinnar var athugun á árangri smáseiðasleppinga í ánni en sumarið 1981 var um 100,000 seiðum dreift í ána og komu seiðin frá laxeldisstöðinni á Hólum.

II. RANNSÓKNARGÖGN OG AÐFERÐIR.

Athugun á ánni fór þannig fram að fiskseiði voru veidd með rafmagnsveiðitæki á 4 stöðum í ánni, þ.e. fyrir neðan Reyki, við Hvammsdal, um 500 m fyrir ofan eldisstöðina á Hólum og um 1 km fyrir neðan Hóla. Með rafmagnsveiðum fæst hugmynd um péttleika, tegundasamsetningu og vöxt seiða. Afli var lengdarmældur og sýni tekin til aldursákvarðana af hluta aflans. Hitastig árinnar var mælt á veiðistöðum, botngerð og dýralíf á steinum kannað lauslega.

III. NIDURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR.

3.1. Rafveiðar.

Niðurstöður rafveiða eru sýndar á mynd 1 en þar hafa niðurstöður verið dregnar saman í heild fyrir alla veiðistaði. Ef litið er fyrst á tegundasamsetningu sést að bæði fékkst lax og bleikja, en hvergi varð vart við urriða.

Varðandi péttleika seiða kom fram að alls staðar fékkst mjög litið af seiðum. Niðurstöður rafveiðanna í þessu tilliti ber þó að taka með miklum fyrirvara þar sem allar aðstæður til rafveiða voru sérlega óhagstæðar. Æin var mjög jökullituð og straumhörð og greinilegt að mikil leysing var í ánni. Við slikar aðstæður er ekki hægt að meta péttleika af neinni nákvæmni.

Ef litið er á aldur og vöxt seiðanna (mynd 1) kemur í ljós að aðallega varð vart við eins og þriggja ára gömul laxaseiði og er þarna um samblund af náttúrulegum seiðum og sleppiseiðum að ræða. Næsta vist er að eins árs seiðin séu sleppiseiði og var meðallengd þeirra um 6.9 cm. Ekki er nákvæmlega vitað um lengd þeirra er þeim var sleppt en liklega hafa þau verið á bilinu 4-5 cm þannig að liklega hafa þau vaxið um ca 2 cm frá því að þeim var sleppt. Við athugun á kvörnum kom enn fremur í ljós að vöxtur í ár var tiltölulega litið byrjaður og má því gera ráð fyrir að vaxtar-timabilið i ánni sé frá seinni hluta júlí til byrjun september en þetta fer þó mikið eftir tíðarfari hverju sinni. Nokkuð erfitt er að segja til um hve langan tima sleppiseiðin þurfa í ánni til að ná göngustærð en líkur benda til að seiðin þurfi 2-3 sumur í ánni miðað við að þau séu ca 5 cm er þeim er sleppt. Í niðurstöðum sést enn fremur að nokkuð var vart við eldri seiði þ.e. seiði sem ugglauð eru af náttúrulegum uppruna og bendir vöxtur þeirra til að áin framleiði gönguseiði á 4-5 árum.

3.2. Botngerð og straumlag.

Botngerð árinnar var könnuð lauslega eftir því sem tími vannst til. Helstu atriði, sem skiptu málí varðandi botngerð eru þau, að laxaseiði halda sig mest á smágrýttum og grýttum botni í meðalstraum (0.5-1.0 m/sek) þ.e. á grýttum botni í ánni. Þar fá seiðin bæði skjól og fæðu af steinum (skordýralirfur). Hjaltadalsá er varðandi botngerð viða heppileg til uppeldis á seiðum en er hins vegar viða mjög straumpung a.m.k. er áin var athuguð en á það ber að líta að áin var mjög vatnsmikil sbr. kafla 3.1.

3.3. Hitastig.

Í töflu 1 sjást þær hitamælingar sem gerðar voru 20. júlí. Athyglisvert er að lofthiti var mjög hár þennan dag. (17.2°C kl. 14⁴⁰) en hins vegar var hitastig árinnar aðeins frá $6.6-10^{\circ}\text{C}$. Því er ljóst að mikil leysing og sólbráð kældi ána verulega mikið. Nokkuð ljóst er þó að Hjaltadalsá er fremur köld á sem kemur aðal-lega til af því að áin dregur vatn sitt frá háum fjöllum og snjó-pungum svæðum. Til gamans eru hér sýndar (mynd 2) rennslismælingar

frá Hjaltadalsá og Vatnsdalsá sem er góð laxveiðiá. Þar sést að hámarks rennsli er í Vatnsdalsá í apríl og mai en í Hjaltadalsá í júní og júlí. Þetta er vafalaust nokkuð breytilegt frá ári til árs en sýnir þó að leysingar kæla Hjaltadalsá niður mun lengur fram eftir sumri en Vatnsdalsá. Þetta hefur þær afleiðingar að vaxtar-timi seiðanna í ánni er mun styttri í Hjaltadalsá heldur en í á eins og Vatnsdalsá. Þetta kom vel fram í þessari athugun sbr. að vöxtur seiða var tiltölulega nýverið byrjaður.

3.4. Fæða

Ekki voru neinar nákvæmar fæðuathuganir gerðar í ánni enda krefst slikt langtima athuganna. Er steinar í ánni voru skoðaðir kom í ljós að gróður var lítill í botninum og lítið um skordýr á steinum. Aðallega var um smávaxnar rykmýslirfur að ræða (mesophil tegundir), sem eru einkennandi í köldum ám.

IV. UMRÆDUR

Ef lítið er almennt á Hjaltadalsá með tilliti til lifsskilyrða fyrir lax er nokkuð ljóst að skilyrðin eru fremur rýr. Áin er köld, vaxtarámi stuttur og fæðuskilyrði fremur rýr, en hins vegar er botngerð viða heppileg. Ef hugað er nánar að afdrifum sleppiseiðanna þá má telja vöxt þeirra seiða sem veiddust sémilegan og líklega ná seiðin úr þessari sleppingu göngustærð mest árið 1984, sem þýðir að lax úr þessari sleppingu skilaði sér sem smálax 1985 og sem 2ja ára lax úr sjó 1986. Hins vegar getur þessi athugun lítið sagt til um afföll á seiðum. Að visu fékkst mjög lítið af seiðum sem gæti bent til mikilla affalla en hins vegar voru aðstæður til rafveiða sem fyrr sagði mjög óhagstæðar og niðurstöður því lítið marktækjar og auk þess er þéttleiki við dreifingu ekki þekktur. Hins vegar er ljóst að skilyrði í Hjaltadalsá eru rýr og því lengur sem seiði þurfa að dveljast í ánni til að ná göngustærð því meiri afföll verða á seiðunum. Hér eru því mörg óþekkt atriði á ferðinni, sem þessi athugun getur ekki svarað. Í Hjaltadalsá er því nauðsynlegt að kanna vöxt og afföll seiða mun betur áður en farið er út í stórar sleppingar á smáseiðum. Best er að gera þetta með því að sleppa

tiltölulega litlu magni af seiðum (t.d. 5000) í þéttleika sem svarar til 50 seiða per 100 m^2 botnflatar sem er sá þéttleiki sem gefur bestan árangur í rannsóknum Veiðimálastofnunar í Hrútafjarðará. Þetta væri æskilegt að gera á 2-3 stöðum í ánni og merkja svæðin síðan rækilega. Einnig er nauðsynlegt að hluti seiðanna sé lengdarmældur áður en þeim er sleppt. Sé þetta gert yrðu svæðin svo rafveidd síðar og ættu þá að fást áreiðanlegar niðurstöður varðandi vöxt og afföll seiða.

Tafla 1.



År: 1982.

Hitamælingar

Nafn á á eða stöðuvatni: Hjaltadalsá.

Vinsamlegast sendið mælingablaðið til veiðimálastjóra, Pósthólf 754, 121 Reykjavík.

MYND 1 : LENGDARDREPPEN OG ALDUR VEDÖR LAXAÐA
OG BLEIKSÍÐA Í MÁLTADALI 20/7/82.



█ : 1+ █ : 2+ █ : 3+

MYND 2: Rennslí i m³/sek í ðeguldeildum og vatnardeildum árið 1977

